

3  
5. febr.

## Auglýsing,

**er fellir að nokkru leyti úr gildi auglýsingu stjórnarráðsins  
21. janúar 1908, um bólusótt í Brest á Frakklandi og í  
Leith á Skotlandi.**

Auglýsing stjórnarráðsins 21. f. m., um að ákvæðum laga nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verði beitt að því er snertir bæina Brest á Frakklandi og Leith á Skotlandi sökum bólusóttar þar, er feld úr gildi að því er bæinn Leith snertir, þannig að bæ þenna ber eigi lengur að skoða sem sýktan af tjeðum sjúkdómi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. febrúar 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*

4  
14. febr.

## Gjaldskrá

fyrir

### **h j e r a ð s l æ k n a.**

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 34, 16. nóvbr. 1907, um skipun læknishjæraða o. fl., hefir með ráði landlæknis verið samin og sett eftirgreind gjaldskrá um borgun fyrir störf hjæraðslækna.

1. gr.

Ef ágreiningur verður milli hjæraðslæknis og sjúklings útaf gjaldi fyrir læknisverk og ekki er samið fyrir fram við lækni um gjaldið, svo sem um vissa þóknun á ári, þá skal fara eftir ákvæðum gjaldskrár þeirrar, er hjer fer á eftir, hvort sem læknisverkið er unnið í þarfir hins opinbera eða einstakra manna.

2. gr.

Nú er eigi til tekið í þessari gjaldskrá, hversu gjalda skal fyrir eitthvert verk, og skal þá gjaldið fara eftir ákvæðum um svipuð verk, og fellur ágreiningur um það efni undir úrskurð landlæknis.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. maí 1908.